

MENNING


Barenboim heiðraður

Hlýtur Léonie Sonning-verðlaunin

ARGENTÍSKI hljómsveitarstjórinn og píanistinn Daniel Barenboim hlýtur dönsku Léonie Sonning-tónlistarverðlaunin á næsta ári, samhlöða flutningi sínum á tveimur píanó-konsertum eftir Beethoven með Konunglegu dönsku símfón-úhljómsveitinni. Barenboim fær 600.000 danskar krónur að launum, tæpar 7,8 milljónir íslenskra króna.

Dómnefnd sem valdi Barenboim sagði hann einn merkasta listamann heimsins á sviði sigildrar tónlistar og hljómsveitarstjóra í heimsklassa. Barenboim er ísraelskur ríkisborgari en var fyrir skömmu gerður að palestínskum heiðursborgara.

Hann var einn stofnenda Dív-anhljómsveitarinnar 1999 í því skyni að auka skilning milli Ísraela, Palestínanna og annarra araba, og stuðla að friði. Hljómsveitin er skipuð ungmennum frá Ísrael, Palestínu og öðrum arabalöndum.



Daniel Barenboim

Vill ekki borga

DANMARKS Radio (DR), þ.e. ríkisútvarp Danmerkur, hefur í hótunum við danska tónlistarmenn, að því er danska dagblaðið *Politiken* heldur fram. DR neiti tónlistarmönnum um greiðslur fyrir flutning á sjónvarpsstöðvum sínum og krefjist þess að þeir segi sig úr samtökum danskra tónlistarmanna, Dansk Musiker Forbund (DMF), vilji þeir á annað borð koma fram á stöðvum þess.

Lögmaður DMF, H.C. Tjellesen, segir þetta ólögmetna kröfu. Reglur DMF kveði á um að tónlistarmenn megi ekki flytja tónlist á sjónvarpsstöðvum án þess að fá greitt fyrir. Tjellesen segir DMF ihuga hvort lögseka eigi DR fyrir vikið.

DR krafðist þess fyrir tveimur árum að tónlistarmenn kæmu fram án launa á sjónvarpsstöðvum fyrirtækisins. Aðeins tíu tónlistarmenn hafa til þessa gefið sig fram við DMF vegna slíkra krafna en DMF segir tónlistarmenn óttast að verða settir á svartan lista hjá DR kvarti þeir undan þessu fyrirkomulagi.

Myrkir músíkdagar

Í DAG:
12.15 Norræna húsið

Gerður Bolladóttir, sópran, Sophie Schoonans, harpa, og Pamela De Senzi, flauta, flytja Almanaksljóð eftir Bolla Gústafsson við lag Önnu Þorvaldsdóttur, auk laga eftir fleiri tónskáld.

19.30 Háskólabíó

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytur Sinfóníu nr. 3 eftir Atla Heimi Sveinsson og Sinfóníu nr. 4 eftir John Speight. Einsöngur: Ágúst Ólafsson og Gunnar Guðbjörnsson. Stjórnandi: Roland Kluttig.

20.30 Laugarborg, Eyjafirði
Sigurður Halldórsson, selló, og Daniel Þorsteinsson, píanó. Sérstakur gestur: Marta Hrafnadóttir, alt.

Flytja lög eftir Atla Heimi Sveinsson, Úlfar Inga Haraldsson, Hjálmar H. Ragnarsson og Hafliða Hallgrímsson.

Myndlist

Haust- og vetrarlægðir Hrafnhildar

Í FORSAL vinda nefnist sýning Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur sem opnuð verður í START ART á Laugavegi 12b í dag. Myndefnið sækir Hrafnhildur í haust- og vetrarlægðir sem gengið hafa yfir landið undanfarna mánuði.

„Ég fór suður með sjó og stóð á brún Krýsvíkurbjargs og horfði á brimidi í sortanum, þá birtist sólin augnablik, rétt gægðist yfir sjóndeildarhringinn, andartaks ljósbrot eins og til að minna á að hún væri þarna ennþá þrátt fyrir allt. Það er þetta augnablik sem ég reyni að fanga í nýjstu myndum mínum,“ segir Hrafnhildur um verkin.



Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir

Tónlist

Ljóðrænir tónleikar í Norræna húsinu

FJÓRTÁN laga ljóðaflokkur eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur *Almanaksljóð*, verður frumfluttur í Norræna húsinu í dag klukkan 12. *Almanaksljóð* eru samin við ljóð sr. Bolla Gústafssonar. Einnig verða flutt lög þeirra Ingibjargar Þorbergs, Atla Heimis Sveinssonar, Hreiðars Inga Þorsteinssonar og Tryggva M. Baldvinssonar við ljóð fjögurra annarra þekktara skálda. Flytjendur á tónleikunum eru Gerður Bolladóttir sópran, Sophie Schoonjans hörpuleikari og Pamela De Sensi flautuleikari. Sunnudaginn 10. febrúar verður sama efnisskrá flutt í Laugarborg í Eyjafirði kl. 15.



Gerður Bolladóttir

Myndlist

Einar, Georg Guðni og Ragnheiður

FÉLAGIÐ Íslensk grafík opnar á morgun árlega sýningu Grafkvina í sal félagsins, Grafíkafninu í Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17, hafnarmegin. Þar verða til sýnis verk eftir Georg Guðna, Ragnheiði Jónsdóttur og Einar Hákonarson. Einar og Ragnheiður eru þekktir grafíklistamenn en Georg er þekktastur af draumkendum landslagsmálverkum. Sýningin er hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík og verður opin til kl. 1 eftir miðnætti á morgun, á Safnanótt. Sýningin verður opnuð kl. 14 á morgun. Frekari fróðleik um félagið má finna á vefsíðu þess, www.islenskgrafik.is.



Georg Guðni Hauksson

Þar sem þögnin ríkir

■ JBK Ransu er sýningarstjóri myndlistarsýningarinnar Þagnar sem verður opnuð í Hafnarhúsi í dag ■ Fjórir listamenn takast þar á við þögnina

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

Í EINU atriða kvikmyndarinnar *Raging Bull*, þar sem fjallað er um ævi bandaríska hnefaleikakappans og ofstopamannsins Jake LaMotta, ríkir kynngimögnum þögn áður en hann greiðir hnefaleikamanninum Sugar Ray Robinson rothögg. Þessi þögn er myndlistarmanninum JBK Ransu hugleikin, en hann er sýningarstjóri sýningarinnar *Þögn* sem verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, kl. 17 í dag.

Á sýningunni er ljósi varpað á það hversu þögnin er vanmetin og hvernig hún hefur að vissu leyti snúist upp í áreiti í nútímasamfélagi. Ransu segist hafa að hluta til fengið hugmyndina að sýningunni, að vinna með þögnina, þegar hann horfði á *Raging Bull* í New York. Myndin hafi haft mikil áhrif á þá ákvörðun, en þá þögn í hinu nærtæka umhverfi. Í sjálfu sér sé mikið þægilegra að fara einn út í skóg eða út í sveit ef maður sé að leita að þögninni. En það sé mun erfiðara í brjálæði hnefaleikahringsins og því sé fyrrnefnt atriði í *Raging Bull* fyrir vikið svo magnað.

Í texta á vef safnsins um sýninguna segir að hún vekir athygli á því hvað þögnin sé vanmetin og að hún hafi að vissu leyti snúist upp í áreiti í okkar nútímasamfélagi. Ransu segir þögn vissulega mikið áreiti því fólk sé orðið vant annars konar áreiti, frá öðru fólk, sjónvarpi og öðru. „Þannig áreiti erum við von, það er þessi orka sem við erum alltaf að gefa frá okkur í samtöl og að horfa og tala og allt þetta. En áreitið þegar þú ert einn, og það er jafnvel bara hljóð, kyrrð, það er mikið áreiti og það kemur bara innan frá. Á einhverju stigi þykir okkur það óþægilegt, við þurfum að horfast í augu við okkur sjálf, jafnvel að hlusta á það sem við erum að hugsa sem er í 80-90% tilfella bara tömt bull,“ segir Ransu. Það sé áreiti.

– Er þögnin ekki gullin, eins og segir í laginu? „Hún er gull þegar við sjálf upplifum þögnina því þegar þú ert að hlusta á það sem þú ert að hugsa ertu ekki að upplifa þögn. Það er þögnin í okkur sem kallar á þetta,“ segir Ransu. Á sínum andlegu ferðalögum, þar sem hann hafi leitað þagnarinnar í Mið-Ameríku, hafi honum þótt óþægilegt að tala ekki við neinn og gera ekki neitt. Þá hafi þögnin verið yfirgnæfandi. Á endanum hafi hann þó náð algerrri, innri þögn.



Árvakur/Ómar

Hljóðlaus Finnbogi, Haraldur, Ransu, Harpa og Finnur nutu þagnarinnar í Hafnarhúsinu í gær.

Í HNOTSKURN

» Önnur sýning verður opnuð í Hafnarhúsi á morgun á sama tíma, *Erró – ofurhetjur*. Sýningunni er ætlað að höfða til efri bekkja í grunnskólum og eru ofurhetjur í aðalhlutverki, eins og nafnið gefur til kynna. Á sýningunni er m.a. stærsta verk Errós í eigu Listasafns Reykjavíkur, 13 metra breitt.

» Á morgun verður Safnanótt sett í Hafnarhúsi kl. 19 og stendur til kl. 1 eftir miðnætti. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá í öllum húsum Listasafns Reykjavíkur Nánari upplýsingar verður hægt að finna á vef safnsins, www.listasafnreykjavikur.is

– Af hverju valdirðu þessa fjóra myndlistarmenn á sýninguna, Finnboga Pétursson, Harald Jónsson, Finn Arnar Arnarsson og Hörpu Árnadóttur?

„Það er áhrifameira að fá ólíkar nálganir á þögnina og mér fannst í þeim verkum sem ég hafði séð eftir þau áður vera einhver þögn en af ólíkum toga. Það var ekkert fyrirfram ákveðið að það yrðu bara fjögur en þegar við komum saman í salnum (í

Hafnarhúsinu) að skoða þetta þá einhvern veginn fannst mér það nóg, að það þyrfti ekki að bæta við hópinn og sist af öllu að gera einhverja kaótíska sýningu.“

Ólík nálgun

Listamennirnir nálgast viðfangsefnið með ólíkum hætti en þó með sama markmið í huga, þ.e. að skapa vettvang þar sem þögn ríkir. Haraldur vinnur verk úr hljóðeinangrandi efni út frá grunnfleti hússins; Harpa tekst á við þögnina með ljóðrænu og hæglátu verki; Finnbogi tekur fyrir þögnina milli hljóðs og hreyfingar og Finnur skilur eftir sig þögn af tilvistarlegum toga, flytur út úr safninu fyrir opnun eftir að hafa búið í sýningarrýminu um skeið.

Ransu segir Harald vinna með safnaþögnina, þ.e. þögnina í safninu. „Mér finnst það svolítið kómískt að á svona sýningu eins og *Þögn* sé það ekki sýningunni í hag, eða upplifuninni af henni, að það sé rosalega vel mætt á hana en það er safninu í hag. Ef það eru alltaf 20-30 manns í salnum þá er aldrei þögn. Þannig að það er togstreita og mót-sögn í því.“ Ransu segist þó ekki ætla að ganga um með skilti í Hafnarhúsi sem á standi „Þögn“ en útilokar samt ekki að mæta í bol með slíkri áletrun.

Höfundarréttur yfir og allt um kring

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

MYNDSTEF, samtök íslenskra myndhöfundra á sviði höfundarréttar, frumsýna í Háskóla Reykjavíkur í dag tvær stuttar heimildarmyndir á þeirra vegum um höfundarrétt. Myndirnar heita *Hver á þetta pensilfar?* og *Ég veit að þetta má ekki en það gera það allir*. Í myndunum er fjallað um höfundarrétt og þá sérstaklega brot á honum, t.d. með dreifingu höfundarréttarvarins efnis á Netinu. Seinni titillinn vísar til algengrar afstöðu ungmenna sem annarra til niðurbrots og dreifingar á slíku efni en einnig er fjallað um möguleika Netsins í kynningu á höfundarréttarvörðu

efni og listamönnum. Í annarri myndinni eru nokkur ungmenni teknin tali á förmum vegi en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa halað niður af Netinu höfundarréttarvörðu efni og þá oftast nær meðvitun að þau séu að brjóta á slíkum rétti. Minnt er á að höfundarréttur sé yfir og allt um kring í umhverfi okkar.

Fræða börn og unglinga

Formaður Myndstefs er Knútur Bruun. Hann segir ungt fólk ekki alið upp í því að virða höfundarrétt og úr því verði að bæta, t.d. með fræðslu í grunnskólum og víðar. „Í fyrsta lagi ætlum við að nota þessar myndir inn í fyrirtæki sem hafa með vernduð verk að gera, og jafnframt inn í háskólaeildir þar sem verið er



Höfundarréttur Knútur Bruun er formaður Myndstefs.

að fjalla um höfundarrétt og framhaldsskóla [...] við ætlum að reyna í gegnum menntamálaráðuneytið og Námsgagnastofnun að koma þessu jafnvel inn í grunnskóla. Þá erum við kannski meira að ímynda okkur að sú mynd sem fjallar um notkun á Netinu höfði til þess aldursflokks,“ segir Knútur. Lögræðingar geti ekki elt uppi brotamenn á barnsaldri en það sé hins vegar hægt að fræða börn og unglinga um höfundarrétt, að óheimilt sé að ná sér í hugverk annarra án leyfis og endurgjalds.

Myndirnar snúast þó ekki aðeins um það heldur er einnig vakin athygli á því að ef meira höfundarréttarvaríð efni væri aðgengilegt á Netinu á sanngjörnu verði gæti það dregið úr niðurbrotum og dreifingu.